

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

232. FUNDUR.

232. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 13. mars 2014 kl. 15:00 í fundarsal Ráðhússins.

Oddviti setti fund

Fundinn sátu:

Leó Örn Þorleifsson, Sigurbjörg Jóhannesdóttir, Stefán Einar Böðvarsson, Elín R. Líndal, Elín Jóna Rósinberg, Ragnar Smári Helgason, Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir.

Embættismenn:

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri og Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Oddviti óskaði eftir að taka á dagskrá fundargerð fræðsluráðs undir 4. dagskrárlíð og Byggðasögu Stranda undir 7. dagskrárlíð. Fundargerð ungmennaráðs færist á 5. lið og gjaldskrá Brunavarna Húnaþings vestra færist á 6. lið. Samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerðir byggðarráðs. Formaður kynnti.

1. Fundargerð 821. fundar frá 17. febrúar sl. Fundargerð í 10 liðum

Lögð fram eftirfarandi tillaga við 3. dagskrárlíð „Sveitarstjórn Húnaþings vestra hefur látið Stoð ehf., Braga Þór Haraldsson, vinna greinargerð um möguleika á lagningu hitaveitu í dreifbýli frá jarðhitasvæðinu að Reykjum í Miðfirði að tilteknum jörðum í Miðfirði og Víðdal. Þá hefur sveitarstjórn Húnaþings vestra látið ÍSOR vinna greinargerð um jarðhitasvæðið að Reykjum í Hrutafirði og samþykkt hefur verið að sækja um nýtingarleyfi jarðhitasvæðisins til Orkustofnunar. Sveitarstjórn Húnaþings vestra lýsir yfir vilja til að nýta jarðhita til húshitunar sem víðast um sveitarfélagið eftir því sem aðstæður leyfa og hagkvæmt reynist og að unnið verði að stækkun dreifikerfis hitaveitunnar í samræmi við það á komandi árum.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram eftirfarandi tillaga við 4. dagskrárlíð. „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að gera breytingar á fyrirliggjandi áætlun um lagningu hitaveitu að Gauksmýri þannig að á næstu árum verði unnt að framlengja lagningu hitaveitunnar að tilteknum jörðum í Víðidal. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra og sviðsstjórum framkvæmda- og umhverfissviðs og fjármála- og stjórnsýslusviðs að leggja fram áætlanir um breytingar á fyrirhugaðri framkvæmd og þeim kostnaði sem af því hlýst.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum.

Fundargerð 822. fundar frá 24. febrúar sl. Fundargerð í 5 liðum Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 823. fundar frá 3. mars sl. Fundargerð í 7 liðum. Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir, vék af fundi við umræðu og afgreiðslu 6. dagskrárlíðar vegna vanhæfis. 6.

liður borinn undir atkvæði og samþykktur með 6 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum

Fundargerð 824. fundar frá 10. mars. Fundargerð í 10 liðum.

Lögð fram eftirfarandi tillaga við 6. dagskrárlið „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fela fræðsluráði Húnaþings vestra og skólaráði Grunnskóla Húnaþings vestra að veita skriflega umsögn um faglega þætti er fram koma í skýrslu og tillögum Haraldar Línalds Haraldssonar um framtíðarskipan skólamála í Húnaþingi vestra. Umsagnir skulu hafa borist sveitarstjórn eigi síðar en 3. apríl nk.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram eftirfarandi tillaga við 9. dagskrárlið „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að setja Laugarbakkaskóla og eignarhluta sveitarfélagsins í tengdum eignum í sölufarli. Sveitarstjórn felur oddvita og sveitarstjóra að vinna að frekari framgangi málsins.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram eftirfarandi tillaga við 10. dagskrárlið „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að taka þátt í fundi um mögulegar breytingar á starfsemi Náttúrustofu Norðurlands vestra sem haldinn verður innan tíðar. Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir jafnframt að fela Selasetri Íslands að vinna greinargerð og tillögur um eflingu og fjölgun náttúrutengdra rannsóknarstarfa innan sveitarfélagsins. Áætlaður kostnaður við þá vinnu er kr. 2.000.000- Kostnaði vegna þessa verkefnis verði mætt með lækkun á lið 2190 í fjárhagsáætlun ársins 2014. Sveitarstjórn samþykkir að hafna styrkbeiðni Selasetursins dags. 19. febrúar sl. v/ álagningar fasteignaskatts og fasteignatengdra gjalda 2014.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Framlagður viðauki skv. ofangreindu samþykktur með 7 atkvæðum

Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum.

2. Fundargerð félagsmálaráðs. Oddviti kynnti.

Fundargerð 144. fundar frá 26. febrúar sl. Fundargerð í 2 liðum Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

3. Fundargerð skipulags- og umhverfisráðs. Oddviti kynnti.

Fundargerð 233. fundar frá 13. mars sl. Fundargerð í 6 liðum.

Borinn undir atkvæði 1. dagskrárliður fundargerðarinnar. Samþykktur með 7 atkvæðum.

Borinn undir atkvæði 5 dagskrárliður. Samþykktur með 7 atkvæðum.

Lögð fram eftirfarandi tillaga við 6. dagskrárlið „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fresta afgreiðslu þessa liðar.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum.

4. Fundargerð fræðsluráðs. Oddviti kynnti.

Fundargerð 147. fundar frá 12. mars sl. Fundargerð í 3 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

5. Fundargerð ungmennaráðs. Oddviti kynnti.

Fundargerð 18. fundar frá 13. mars sl. Fundargerð í 1 lið.

Lögð fram eftirfarandi tillaga vegna 1. dagskrárliðar „Sveitarstjórn Húnaþings vestra vill áréttta að meginmarkmið með fjárframlagi sem ungmennaráði sveitarfélagsins er árlega veitt í fjárhagsáætlun er öðru fremur ætlað til verkefna, námskeiða eða kynninga sem styrkt geta ungmenni í sveitarfélaginu í leik og starfi. Í því ljósi samþykkir sveitarstjórn Húnaþings vestra

að beina því til ungmennaráðs að endurskoða tillögur sínar um styrkveitingar til eignasjóðs sveitarfélagsins og Vegagerðarinnar.“

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

6. Gjaldskrá Brunavarna Húnaþings vestra.

Lögð fram tillaga að gjaldskrá fyrir Brunavarnir Húnaþings vestra. Framlögð gjaldskrá borin undir atkvæði með áorðnum breytingum og samþykkt með 7 atkvæðum.

7. Byggðasaga Stranda.

Lögð fram eftirfarandi tillaga „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagt samkomulag við sveitarstjórnir Árneshrepps, Kaldrananeshrepps og Strandabyggðar um útgáfu Byggðasögu Stranda og að þeim kostnaði verði mætt með lækkun á lið 2190 í fjárhagsáætlun ársins 2014. Samkvæmt ákvæðum samkomulagsins mun Húnaþing vestra v/ fyrrum Bæjarhrepps styrkja útgáfuna um kr. 2.693.600-. Um er að ræða styrk til kaupa og útgáfu á umræddu verki og mun sveitarfélagið því ekki koma að frekari útgáfu eða framgangi þess. Í samræmi við það mun Húnaþing vestra ekki gera kröfu eða tilkall til arðs eða tekna sem af verkinu geta orðið.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Framlagður viðauki skv. ofangreindu samþykktur með 7 atkvæðum.

8. Skýrsla sveitarstjóra.

Skúli Þórðarson sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu störfum sínum frá síðasta reglulega fundi sveitarstjórnar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl.16:46

Leó Örn Þorleifsson.

Stefán Einar Böðvarsson.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Ragnar Smári Helgason.

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir.

Elín R. Líndal.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari

